# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

101. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 1. MAÍ 2017


## Dagur verkalýðsins



**Kröfugöngur um allt land** 1. maí, dagur verkalýðs á Íslandi, verður haldinn hátíðlegur víða um land. ASÍ var búið að fá tilkynningar um hátíðarhöld í yfir 30 sveitarfélögum en búist er við góðri þátttöku eins og venjan er. Stóru stéttarfélögin í Reykjavík verða öll með vegleg kaffisamsæti víðsvegar um borgina eftir að útifundinum á Ingólfstorgi lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Vilja tefla Sigmundi fram í borginni

**Alþekkt er að fyrrverandi forsætisráðherra hefur mikinn áhuga á skipulagsmálum og hefur verið gagnrýninn á þróun þeirra og framkvæmdir í miðborginni. Nú vilja hátt settir Framsóknarmenn að Sigmundur Davíð spreyti sig í sveitarstjórnarkosningum í borginni.**

**STJÓRNMÁL** Áhrifamenn innan Framsóknarflokks hafa hvatt Sigmund Davíð Gunnlaugsson, þingmann flokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, til að leiða lista Framsóknar og flugvallarvina í sveitarstjórnarkosningunum í maí á næsta ári. Þetta staðfestir Sigmundur Davíð í samtali við Fréttablaðið. Hann er sem stendur óbreyttur þingmaður og situr í utanríkismálanefnd.

„Það er ekkert launungarmál að málefni sveitarfélaganna og skipulagsmál skipa stóran sess í mínum huga, en þau eru líka nátengd landsmálunum og það er fjölmargt annað á sviði landsmálanna sem mér finnst mikil þörf á, og tækifæri til, að bæta,“ segir Sigmundur Davíð og bætir við að hann hafi skyldum að gegna í sínu kjördæmi og líki þingmennskan vel. „Ég geri ráð fyrir að halda mig við landsmálin þótt mér þyki málefni borgarinnar líka mjög áhugaverð og gríðarlega mikilvæg.“

> **Það er ekkert launungarmál að málefni sveitarfélaganna og skipulagsmál skipa stóran sess í mínum huga**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þingmaður



Alþekkt er að Sigmundur Davíð hefur mikinn áhuga á skipulagsmálum í borginni. Hann hefur í gegnum tíðina látið sig þau mál varða, líka þegar hann gegndi embætti forsætisráðherra.

Sigmundur hefur skrifað innblásna pistla um skipulagsmál og hefur verið gagnrýninn á þróun þeirra og framkvæmdir í miðborginni. Árið 2015 skrifaði hann, svo dæmi sé tekið, grein á heimasíðu sína þar sem hann sagði gamla bæinn í Reykjavík ekki hafa staðið frammi fyrir jafnmikilli ógn og þá frá því fyrir deiluna um Bernhöftstorfuna fyrir hátt í hálfri öld. Hann nefndi fyrirhugaðar framkvæmdir á Hörpureitnum og lóðum við hlið Tollstjórahússins sem dæmi um vont skipulag. Þá varð frægt þegar hann sendi frá sér jólakort sama ár, þar sem hann hafði látið teikna byggingu inn á fyrirhugaðan byggingarreit nýrrar skrifstofubyggingar Alþingis í stíl Guðjóns Samúelssonar.


olof@frettabladid.is


## KR meistari fjórða árið í röð

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar náðu sögulegum árangri er liðið varð Íslandsmeistari karla í körfubolta fjórða árið í röð. Það gerðu þeir með því að leggja Grindavík að velli í oddaleik liðanna í vesturbænum í gær, 95-56.

Sigur KR var aldrei í hættu og titillinn því verðskuldaður. Brynjar Þór Björnsson varð í gær Íslandsmeistari í sjöunda sinn á ferlinum en hann er á 29. aldursári. Hann segir að umtal um hversu góðir KR-ingar eiga að vera hafi haft sín áhrif.

„Það er alltaf verið að tala um hvað við séum rosalega góðir og það síast inn. Þá kemur deyfð. Við erum eiginlega fórnarlömb okkar eigin árangurs. Við höfðum gaman af þessu og þegar sviðið verður svona stórt þá höfðum við rosalega gaman af þessu,“ segir hann. **- esá / sjá bls. 12**

## Í dag er Fréttablaðið


**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson segir Íslendinga ekki viðskiptavini, heldur viðskiptaþegna. 11

**SPORT** Gylfi Sigurðsson átti stjörnuleik á Old Trafford. 14

**TÍMAMÓT** Sundfélagið Ægir fagnar 90 ára afmæli í dag 20

**LÍFIÐ** Dómnefnd velur ljótustu verðlaunagripi allra tíma. 24




**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






**VINNAN** tímarit ASÍ fylgir blaðinu í dag



## Veður




Í dag er útlit fyrir stífa suðaustanátt með vætu, en þurrt á Norður- og Austurlandi. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 18

# Sólþyrstir þurfa ekki að örvænta



**Von á blíðskaparveðri** Veður hefur verið hráslagalegt undanfarið, en breytinga er að vænta og Íslendingar munu án efa fjölmenna á ylströndina um helgina, þó þar hafi verið tómlegt um að litast í gær. „Það er hlýnandi veður í vændum. Í dag verður suðaustan kaldi en léttir til á miðvikudag. Um helgina er útlit fyrir að verði sumarlegt og hiti allt að 20 stigum,“ segir Arnór Tumi Jóhannsson, veðurfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ



**Þessi snjallkynslóðarsystkin eru að vísu ekki íslensk en væru þau það gætu þau bæði heitað Karma.** NORDIC PHOTOS/GETTY

## Karl og kona kallast Karma

**SAMFÉLAG** Tólf nöfn hafa bæst á íslenska mannanafnaskrá. Mannanafnanefnd féllst á umsóknir þess efnis í nýliðnum mánuði. Meðal tíðinda má nefna að Karma er nú bæði kvenmannsnafn og karlmannsnafn.

Karma bætist þar með í hóp nafna á borð við Blær og Auður. Fallist var á eiginnafnið Karma sem karlmannsnafn af nefndinni í fyrra.

Þá var einnig fallist á millinafnið Nínon þrátt fyrir að nefndin teldi að nafnið uppfyllti ekki skilyrði laga um mannanöfn. Var það gert með hliðsjón af niðurstöðu héraðsdóms frá apríl 2015 þar sem ákvæði laganna var talið brjóta í bága við stjórnarskrána og mannréttindasáttmála Evrópu. Í því máli hafði einstaklingi verið hafnað um að bera millinafnið Gests. Einnig var fallist á millinafnið Kaldbak.

Nefndin féllst með semingi á eiginnafnið Zophía með hliðsjón af því að í manntölum árið 1835 og 1840 hefði nafninu brugðið fyrir á tveimur konum í Skagafirði. Þótti sá ritháttur því hefðaður í íslenskt mál. Þá féllst nefndin á kvenmannsnöfnin Snæfríð, Randí, Ýrún og Estel.

Tvíliðaða nafnið Jónbjarni þótti falla að íslensku málkerfi en nefndin minntist á í úrskurði sínum um það að þríliðuð nöfn, á borð við Guðmundpáll, væru bönnuð. Önnur samþykkt eiginnöfn karla voru Andrean, Jonni og Annmar. **– jóe**



**Justin þekkja flestir.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Timberlake á Íslandi

**FRÆGIR Á FERÐ** Tónlistarmaðurinn Justin Timberlake er nú staddur á Íslandi og mun dvelja hér á landi í sex daga með eiginkonu sinni og leikkonunni Jessicu Biel. Þau eru hér í fríi og ætla að nýta tímann í að skoða landið.Heimildir herma jafnframt að þau hafi komið til landsins á föstudag og dvelji á Suðurlandi.

Timberlake var með tónleika í Kórnum í Kópavogi í ágúst 2014 og voru það fyrstu tónleikar hans hér á landi. Um sextán þúsund manns sóttu tónleikana. **– mhh**

# Bíræfinn þjófur með smekk fyrir myndlist

Ungur maður gekk inn Hverfisgallerí, stoppaði stutt en fór ekki tómhentur út. Undir hendinni hafði hann með sér út verk eftir Jeanine Cohen. Andri Lúthersson, eiginmaður Sigríðar L. Gunnarsdóttur, eiganda gallerísins, elti þjófinn uppi.

**SAMFÉLAG** „Þetta er falleg sýning og eftirsóknarverðir munir en það var fulllangt gengið að taka verkið af veggnum,“ segir Andri Lúthersson en hann elti uppi þjóf á föstudaginn sem hafði stolið verki úr seríunni Angles eftir listakonuna Jeanine Cohen úr Hverfisgalleríi.

Eiginkona Andra, Sigríður L. Gunnarsdóttir, á og rekur galleríið. Andri segir að þjófurinn hafi greinilega góðan smekk því verkið sé fallegt. „Ég var bara eiginmaður á gólfi að reyna að aðstoða eitthvað. Svo verður mér starsýnt á mann sem kemur inn, því það klingir bjalla þegar einhver kemur inn eða fer út úr galleríinu. Maðurinn gekk hröðum skrefum inn í aðalsalinn þar sem þessi fallega sýning, The space between eftir Cohen stendur. Hann stóð við aðalveggninn í nokkrar sekúndur og mér fannst þetta strax eitthvað skrítið.

Þegar ég heyri aftur í bjöllunni fór ég inn í sal og sá strax að það vantaði verk á vegginn. Þannig að ég hljóp út á götu og sá kauða með verkið undir höndunum og elti hann uppi. Reif í öxlina á honum og spurði hvað hann væri eiginlega að gera. Hann svaraði frekar rólega: „Ég veit það ekki alveg,“ rétti mér verkið og gengur rólega burt.“

Þannig að ég gekk til baka, hengdi verkið upp og settist aftur í stólinn minn hálf hissa á þessu öllu saman,“ segir Andri.

Hann segir að verkið sé óskemmt og hann hafi aldrei lent í álíka lífsreynslu. „Listþráin bar þjófinn greinilega ofurliði. En verkið er fallegt og þetta er smekkmaður, en í galleríinu er allt til sölu í en ekki til sjálftöku,“ segir hann léttur. „Hann var með talsverða upphæð undir hendinni þar sem hann gekk eftir Hverfisgötunni. Maðurinn var vel til fara og þetta tók ekki nema svona 12-15 sekúndur.“



**Andri og Jeanine Cohen fyrir framan eitt af verkum hennar sem var til sýnis.** MYND/EINKASAFN



**Listamaðurinn fyrir framan verkið sem var stolið** MYND/HVERFISGALLERÍ

> Listþráin bar þjófinn greinilega ofurliði. En verkið er fallegt og þetta er smekkmaður
>
> Andri Lúthersson

Sigríður varð ekki þjófsins vör og brá eðlilega þegar Andri gekk inn í galleríið með verkið og söguna sem hafði góðan endi. „Hún vissi ekki af þessu, ekki fyrr en ég var búinn að setja verkið aftur upp og kominn á minn stað í stólinn.“ Sýningu Cohen lauk um helgina en fram undan eru fjölmargar spennandi sýningar. „Þetta er kannski til marks um samtímalistasenuna á Íslandi, hér er margt að gerast og fólk hefur áhuga en þetta var full mikill áhugi sem þessi ungi maður sýndi.“

**benediktboas@365.is**



# HÚSNÆÐISÖRYGGI
# - SJÁLFSÖGÐ MANNRÉTTINDI



# DAGSKRÁ
# 1. MAÍ
# REYKJAVÍK

Safnast saman á horni Laugavegar og Snorrabrautar klukkan **13:00**

Kröfuganga hefst klukkan **13:30**

Útifundur á Ingólfstorgi settur klukkan **14:10**

## Dagskrá:

- Söngfjelagið
- Ræða: Lilja Sæmundsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina
- Söngfjelagið
- Ræða: Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Amabadama flytur 2 lög
- Samsöngur: Maístjarnan og Internationalinn
- Fundi slitið

Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika í kröfugöngunni
Kórstjóri Söngfjelagsins: Hilmar Örn Agnarsson
Hulda M. Halldórsdóttir syngur á táknmáli
Agnes Steina Óskarsdóttir túlkar á táknmáli
Fundarstjóri: Þórarinn Eyfjörð

# Talar fyrir réttindum öryrkja en ekki stofnun Sósíalistaflokksins

**KJARAMÁL** Dagskrá verkalýðsdagsins í ár er með örlítið öðru móti en undanfarin ár þar sem að tveir kröfufundir fara fram í miðbæ Reykjavíkur. Um hundrað metrar aðskilja sviðin tvö.
Aðstandendur síðari fundarins eru allt annað en sáttir með sitjandi verkalýðsforystu og kalla eftir breytingum.

„Frá því að ég tók við sem formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) hef ég óskað eftir því að tala á baráttufundinum 1. maí. Ég gafst upp á því í þetta sinn,“ segir Ellen Calmon, formaður ÖBÍ. Hún er ein þeirra sem kemur fram á hinum nýja fundi.

Meðal annarra sem koma þar fram má nefna Ragnar Þór Ingólfsson, nýkjörinn formann VR, og Gunnar Smára Egilsson, fyrrverandi ritstjóra Fréttatímans og driffjöður í Sósíalistaflokki Íslands. Sá flokkur verður einmitt stofnaður á fundinum á morgun.



**Ellen er ekki sátt við verkalýðsforystuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég ætla alls ekki að tala ef þetta er sérstakur fundur Sósíalistaflokksins. ÖBÍ aðhyllist engan flokk umfram annan,“ segir Ellen.

„Það gafst þarna tækifæri til að koma fram ásamt fleirum sem vilja breytingar á samfélaginu.“

Ellen segir að stór hluti öryrkja sé fólk með geðræn vandamál eða stoðkerfisvandamál sem rekja megi til of mikillar vinnu.

„Ef forysta verkalýðshreyfingarinnar stæði sig í stykkinu og verði raunverulega hagsmuni launafólks þá væri staðan kannski allt önnur. Þess í stað vill verkalýðshreyfingin frekar fara í hjónasæng með Samtökum atvinnulífsins. Við förum einfaldlega fram á það að hlustað verði á kröfur örorkulífeyrisþega og finnst það ekki til of mikils mælst,“ segir Ellen. **– jóe**



**Skeljungur stendur við Birkimel þar sem stefnt er að því að þrengja götuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 115 milljónir í hjólreiðastíg við Birkimel

**SKIPULAGSMÁL** Kostnaðarmat við að gera hjólastíg við Birkimel er um 115 milljónir króna. Verkkostnaður er um 80 milljónir og ófyrirséður kostnaður er um 16 milljónir. Þetta kemur fram í skýrslu verkfræðistofunnar Eflu fyrir Reykjavíkurborg. Vestan megin við Birkimel er gert ráð fyrir tvístefnuhjólastíg milli Hringbrautar og Hagatorgs. Núverandi ljósastaurum verður skipt út fyrir nýja og verður gatan þrengd til að fá pláss fyrir biðskýli strætó. Þrjár biðstöðvar eru við götuna.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram bókun á borgarráðsfundi á fimmtudag þar sem þeir fagna því að gangstéttin við götuna verði lagfærð. Þar kemur einnig fram að vegna mistaka við malbikslögn myndast oft stórir pollar á götunni í rigningum sem veldur því að ítrekað ganga slettur af henni upp á gangstéttina, gangandi vegfarendum til ama og tjóns. **- bb**

**20**

**nýjum runnum verður plantað við Birkimel sem kostar um 500 þúsund krónur.**

# Slegist um lóðir í Reykjanesbæ

**Hlutkesti sker úr um hver hreppir lóðir í Reykjanesbæ um þessar mundir en stutt er síðan hús stóðu auð í hundraðatali á Suðurnesjum. Lóðaumsóknir bárust örsjaldan en nú byggjast upp heilu íbúðahverfin. Sama er hægt að segja um atvinnulóðir á svæðinu, sem rjúka út.**


**Gert er ráð fyrir að um tvö þúsund íbúðir verði byggðar í Reykjanesbæ á næstu tólf árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**REYKJANESBÆR** Áhuginn á íbúðalóðum í Reykjanesbæ er slíkur að varpa þarf hlutkesti í meira en helmingi tilfella til að fá úr því skorið hver hreppir lóðina. Sextíu lóðaumsóknir voru teknar fyrir á tveimur fundum umhverfis- og skipulagsráðs bæjarins á hálfum mánuði.

„Á árunum eftir hrun kom varla lóðaumsókn inn á borð til nefndarinnar en nú hefur svo sannarlega orðið breyting þar á,“ segir Jóhann Snorri Sigurbergsson, fulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði.

Gríðarlegur viðsnúningur hefur orðið á Suðurnesjum á síðustu árum. Í grein sem Guðmundur Guðmundsson skrifaði í Kjarnann fyrir þremur árum kom fram að um 2.000 íbúðir stæðu tómar í Reykjanesbæ, ein- og fjölbýli. Þá námu íbúðirnar samtals helmingnum af öllu auðu en íbúðarhæfu húsnæði í landinu. Samkvæmt Guðmundi samsvaraði hlutfallslegur fjöldi þeirra því „að tugþúsundir íbúða stæðu tómar á höfuðborgarsvæðinu mitt í æpandi húsnæðiseklu“.

Á þessum tíma átti Íbúðalánasjóður á sjötta hundrað íbúða á Suðurnesjum, langflestar í Reykjanesbæ, sem nú eru seldar. Nú er gríðarleg eftirspurn eftir íbúðum í Reykjanesbæ og mikil uppbygging fyrirhuguð. Skóflustunga var tekin að Hlíðarhverfi fyrir skömmu, á gamla Nikel-svæðinu svokallaða, þar sem fyrirhugað er að reisa hátt í 500 íbúðir. Samkvæmt áætlun bæjarins er gert ráð fyrir að um 2.000 íbúðir muni rísa á næstu tólf árum.

„Breytingin sem nú er orðin snýr ekki bara að íbúðarhúsnæði því að atvinnulóðir hafa líka rokið út,“ segir Jóhann Snorri sem hefur setið í umhverfis- og skipulagsráði í sjö ár, lengst allra kjörinna fulltrúa sem nú sitja í ráðinu. „Á svæði sem kallast Flugvellir, rétt fyrir neðan flugstöðina, ruku allar lóðir út. Nú eru tvær lóðir eftir þar og hart barist um þær, en þar er í dag æfingasvæði knattspyrnudeildar Keflavíkur og við þurfum að finna því nýjan stað áður en við úthlutum þessum lóðum,“ segir Jóhann Snorri.

**svavar@frettabladid.is**

> **Á árunum eftir hrun kom varla lóðaumsókn inn á borð til nefndarinnar en nú hefur svo sannarlega orðið breyting þar á**
>
> Jóhann Snorri Sigurbergsson, fulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði



### Nikel-svæðið

Gamla olíubirgðasvæði varnarliðsins milli Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkur í Reykjanesbæ dregur nafn sitt af herbúðum liðsmanna 21. byggingarsveitar Bandaríkjahers sem fyrstir hófu framkvæmdir við Pattersonflugvöll upp af Njarðvíkurfitjum snemma árs 1942. Búðirnar nefndu þeir Camp Nikel eftir ungum liðsmanni sveitarinnar, Julius R. Nikel að nafni, sem látist hafði í vinnuslysi á Langley-herflugvellinum í Virginíu 23. maí árið 1941. Það hefur þó oft verið ranglega nefnt Nikkel, líkt og málmurinn, í fréttum og opinberum gögnum.




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki


# Kajakræðari fórst við ósa Þjórsár

**SLYS** Annar kajakræðaranna sem bjargað var upp úr sjónum við ós Þjórsár á laugardag lést í gær. Tveir erlendir kajakræðarar, búsettir á hér á landi, lentu í vandræðum í briminu við ósinn og fóru tvær þyrlur Landhelgisgæslunnar á staðinn, TF-LÍF og TF-GNA. Þegar TF-LIF kom á vettvang voru lögregla og björgunarsveitir komnar á staðinn. Þyrlan lenti í fjörunni til að taka um borð lögreglumann og ættingja annars mannanna sem var í símasambandi við annan ræðarann í sjónum og auðveldaði það leitina. Maðurinn var allan tímann í símasambandi. Þrátt fyrir að aðstæður væru erfiðar, slæmt veður og talsverð ölduhæð, fundust mennirnir fljótlega. Var annar þeirra hífður um borð í TF-LIF, þrekaður og kaldur.




Í sömu andrá kom TF-GNA og var ákveðið að hún sæi um að bjarga hinum úr sjónum. Áhöfn TF-LIF kastaði blysum í sjóinn til að merkja staðinn. Sigmaður TF-GNA bjargaði hinum manninum úr sjónum örfáum mínútum síðar, um hálfellefu.

Á leiðinni til Reykjavíkur lentu þyrlurnar á Selfossi svo læknir gæti farið úr TF-LIF yfir í TF-GNA til að sinna manninum sem þar var.

Þyrlurnar lentu við Landspítalann um klukkan hálftólf.

Lögreglan á Suðurlandi fer með rannsókn slyssins.

Er það mat lögreglumanna sem voru á staðnum að það hafi skipt sköpum að tvær þyrlur hafi komið á staðinn. **-bb**

Opið í dag
1 maí
12-18

# GO CRAZY

## LAUGARDAG, SUNNUDAG & MÁNUDAG



# 25% AF ÖLLUM VÖRUM

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

shopOnline



**Myndin tengist fréttinni ekki beint.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Skutu friðaða fugla og náðust

**SAMFÉLAG** Lögreglan á Norðurlandi vestra þurfti að hafa afskipti af mönnum sem höfðu skotið friðaða fugla í gær. Lögreglan lagði hald á skotvopn mannanna ásamt skotfærum og bráðina og verður mál mannanna tekið fyrir hjá embættinu eftir helgina.

Aðeins má veiða svartbak, síla- og silfurmáf og hrafna allt árið en annars er veiðitímabilið yfirleitt til 15. mars á helstu fuglum. svartfugl, eins og álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi hafa veiðitímabil til 25. apríl. Veiðigallinn ætti því að vera kominn upp í skáp hjá flestum en í tilkynningu frá lögreglunni er bent á að á vef Umhverfisstofnunar er hægt að afla sér upplýsinga um veiðitímabil fyrir þá sem eru ekki vissir. – bb

» Lögreglan lagði hald á skotvopn mannanna ásamt skotfærum sem og bráðina

## Gylfi elskar að skora á Old Trafford



Gylfi Þór Sigurðsson tryggði Swansea City eitt stig gegn Manchester United á Old Trafford þegar hann jafnaði metin með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu. Þetta var níunda mark Gylfa í ensku úrvalsdeildinni í vetur og sjötta mark hans beint úr aukaspyrnu síðan í ágúst 2014. Gylfi hefur skorað í þremur leikjum í röð á Old Trafford. NORDICPHOTOS/GETTY







# Theresa May býr sig undir erfiðar viðræður

**Leiðtogar eftirstandandi ESB-ríkja sammæltust um að standa saman í útgönguviðræðum Breta. Málsmetandi menn hafa sagt kokhreysti May vera plat en forseti framkvæmdastjórnar ESB, Jean-Claude Juncker, er ekki jafn sannfærður.**

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, á von á erfiðum samningaviðræðum um útgöngu Breta úr ESB. Það gæti reynst raunin því leiðtogar ríkjanna 27 sem eftir standa innan sambandsins, eru á því að þeir komi til með að skilgreina hvað felst í Brexit.

Leiðtogar sambandsríkjanna komu saman í Brussel á laugardag til að stilla saman strengi sína fyrir komandi viðræður um brotthvarf Breta. Niðurstaða fundarins var stefna sambandsins fyrir komandi viðræður en öll ríkin skrifuðu undir plaggið fyrirvaralaust.

Bretar hafa frá upphafi látið þá ósk sína í ljós að þeir vilji semja um fríverslunarsamning við sambandið áður en til útgönguviðræðna kemur. Það telur ESB hins vegar vera öfuga forgangsröðun og vilja sambandsríkin að báðar viðræður fari fram samtímis.

Að fundinum á laugardag loknum sagði Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, að ýmsir talsmenn útgöngu vanmætu þær flóknu viðræður sem senn færu af stað. Þá ítrekaði Angela Merkel, Þýskalandskanslari, þær áhyggjur sínar að fólk í Lundúnum æli í brjósti sér tálmyndir um að snöggur og einfaldur fríverslunarsamningur væri í boði.

„Fundurinn, og ummælin sem leiðtogar ríkjanna hafa látið falla, sýna okkur að það munu verða skeið þar sem viðræðurnar munu verða erfiðar,“ sagði May við breska ríkissjónvarpið BBC.



**Hinn 30. maí 2019 verður Bretland endanlega utan ESB.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þann 30. maí 2019 verður Bretland endanlega utan sambandsins og liggur því á að ljúka samningunum fyrir þann tíma. May ítrekaði í gær þá afstöðu sína að enginn samningur væri betri en vondur samningur. Sú afstaða hefur vakið upp blendin viðbrögð á meginlandinu enda mikil óvissa um stöðu Breta í því lagalega limbói sem kann að myndast við þá atburði.

Áðurnefndur Juncker sótti May heim í liðinni viku til að ræða tímabilið sem senn fer í hönd. Þau funduðu á miðvikudag í ráðherrabústaðnum að Downing-stræti 10. Málsmetandi menn í Evrópu hafa gert því í skóna að afstaða May, um mögulegt samningsleysi, sé aðeins í þykjustu. Forseti framkvæmdastjórnarinnar tekur henni hins vegar ekki af jafnmikilli léttúð og margir.

„Ég yfirgef [Downing-stræti] númer tíu með meiri efasemdir en þegar ég kom hingað,“ lét Juncker hafa eftir sér við samtali við þýska blaðið FAS. Hvað viðræðurnar hafa í för með sér getur aðeins tíminn leitt í ljós.

johannoli@frettabladid.is

1. MAÍ 2017

# HÚSNÆÐISÖRYGGI SJÁLFSÖGÐ MANNRÉTTINDI

Krafa um mannsæmandi húsnæði á sanngjörnum kjörum hefur gengið sem rauður þráður í gegnum verkalýðsbaráttu á Íslandi í 100 ár. Þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst í uppbyggingu verkamannabústaðanna á síðustu öld tókst stjórnvöldum að eyðileggja hann í upphafi þessarar aldar og er ástandið í dag algerlega óásættanlegt. Verkalýðshreyfingin hefur því enn á ný sett húsnæðismálin á dagskrá.

ASÍ og BSRB réðust í stofnun Bjargs – íbúðafélags á 100 ára afmæli ASÍ í fyrra. Þetta var gert vegna þess að aðildarfélög ASÍ gerðu uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis að forsendu við gerð kjarasamninganna 2015. Með því tryggðu þau að ríki og sveitarfélög legðu fjármagn í 2.300 íbúðir á næstu árum. En það þarf að gera miklu betur. Krafa okkar er réttlátt samfélag þar sem gott og öruggt húsnæði þykir sjálfsögð mannréttindi – ekki forréttindi.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til þátttöku í baráttusamkomum stéttarfélaganna 1. maí**

Alþýðusamband Íslands

## DAGUR VERKALÝÐSINS

# Lífeyrissjóðir hafi hag af lágum launum

**Lífeyrissjóðirnir hagnast á þröngri stöðu launþega; hafa hag af hárri álagningu, lágum launum og hafa of mikil ítök á húsnæðismarkaði. Þetta segir nýr formaður VR og vill róttækar breytingar. Hann skýtur föstum skotum á núverandi forystu verkalýðshreyfingarinnar.**



**Baráttudagur verkalýðsins er í dag og farið verður í kröfugöngur víðs vegar um landið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAMFÉLAG** „Lífeyrissjóðakerfið ætti að stærstum hluta að vera utan íslensks hagkerfis,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. Lífeyrissjóðirnir séu með stærstu eigendum smásöluverslana á Íslandi og hafi hag af hárri álagningu og lágum launum. Kerfið vinni á móti lífsgæðum fólks frá degi til dags.

Ragnar bendir á að sjóðirnir séu stærstu eigendur fasteignalána á Íslandi. „Lífeyrissjóðakerfið setur framtíðarkynslóðir í stórkostleg vandræði. Lífeyrissjóðir eru leigurisar á leigumarkaði í gegnum félög eins og Gamma og fleiri leigufélög og hafa þar af leiðandi hag af hárri leigu. Sjóðirnir eru stærstu eigendur fasteignalána á Íslandi og hafa þar af leiðandi hag af verðtryggingunni og háum vöxtum.“

Lífeyrissjóðirnir ættu að gera meira til þess að draga úr þenslu á fasteignamarkaði með hagkvæmum lausnum fyrir kaupendur íbúða.

„Hérna gerist ekkert nema rétt fyrir kosningar. Ég vænti þess að sett verði Íslandsmet í úthlutun lóða fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar í öllum sveitarfélögum. Það er enginn að fylgjast með því hvað hinn er að gera og hvert fara þessar lóðir? Fara þær í hendurnar á bröskurunum, eins og fyrir hrun? Lóðir ganga kaupum og sölum í gegnum fasteignafélög eða fasteignabraskara og þetta endar síðan í fanginu á okkur neytendum, fólkinu sem þarf að borga fyrir þetta á uppsprengdu verði, þangað til næsta bóla springur.“

Ragnar vill að komið sé í veg fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða í íslenskum bönkum og að fjármögnun lífeyrissjóða til útlána bankanna sé lágmörkuð. Sú tenging sé óæskileg, eins og tíðkaðist fyrir hrun. „Bankakerfið hafði gríðarleg ítök í lífeyrissjóðunum og öfugt. Lífeyrissjóðir keyptu skuldabréf í bönkunum og bankarnir buðu 100% íbúðalán.“ Almenningur hafi í kjölfarið þurft að taka afleiðingum þess eftir hrun.

Hann telur að lífeyrissjóðirnir ættu að standa að viðskiptabanka á félagslegum grunni, sem ekki hefur tengsl við fjárfestingabankastarfsemi. „Tilgangurinn er að þjónusta viðskiptavini og smærri fyrirtæki. Ef fólk lendir í vandræðum er ekki farið í að selja ofan af því heldur er farið í að byggja einstaklinginn og fyrirtækin upp, skapa umhverfi eftir greiðslugetu hverju sinni. Við getum öll lent í niðursveiflum og erum stundum ekki í stakk búin til þess að takast á við þær en ef við höfum þolinmæði og viðmót banka, sem vinnur með okkur en ekki á móti, þá eru okkur allir vegir færir. Þetta er miklu betri framtíðarsýn á bankakerfið.“

> **Lóðir ganga kaupum og sölum í gegnum fasteignafélög eða fasteignabraskara og þetta endar síðan í fanginu á okkur neytendum.**
>
> Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR



Ragnar segir engan vilja til breytinga hjá ASÍ og Samtökum atvinnulífsins, þrátt fyrir skýran lagaramma. „Lög um lífeyrissjóði fjúka í gegnum Alþingi eins og hver annar gegnumtrekkur þegar þau eru sett fram. Og af hverju er þetta svona? Jú, vegna þess að ASÍ og til dæmis Samtök atvinnulífsins, sem stjórna þessu kerfi, vilja ekki breyta því.“

Hann telur að lífeyrissjóðirnir ættu að sinna samfélagslegri ábyrgð betur, til dæmis með því að byggja nokkur þúsund íbúðir fyrir aldraða. „Hvati kerfisins í dag er fyrst og fremst völd. Það eru engin völd í því að taka þátt í samfélagslegri uppbyggingu.“

Ragnar hefur setið í stjórn VR í átta ár en hefur aldrei komist að í stefnumótunarvinnu innan Alþýðusambandsins eða VR um framtíðarhlutverk lífeyrissjóðanna.

„Okkur sem höfum aðrar skoðanir eða hugmyndir, er haldið utan við alla vinnu um stefnumótun. Þannig vinnur verkalýðshreyfingin. Hún hlustar ekki. Þetta er vandamálið. Ef Gylfi Arnbjörnsson hefur meirihlutastuðning félagsmanna ASÍ, sem eru 115.000 en ekki einhverrar þröngrar klíku, þá er ég tilbúinn að stíga til hliðar. Þetta snýst ekki um mig sem persónu. Þetta snýst um að breyta þessu kerfi og við breytum þessu ekki ef við erum með forystu sem hlustar ekki.“ **peturfjeldsted@365.is**

### Hátíðarhöld baráttudegi verkalýðsins.

Hátíðarhöld fara fram um land allt í tilefni af baráttudegi verkalýðsins. Í Reykjavík mun fólk safnast saman á Hlemmi klukkan eitt en gengið verður af stað hálftíma síðar. Útifundur verður settur á Ingólfstorgi upp úr klukkan tvö.

Einnig verður farið í kröfugöngu á Akureyri, Ísafirði, Suðureyri, Selfossi og Akranesi. Þá má finna hátíðarfundi meðal annars í Hafnarfirði, Borgarnesi, Stykkishólmi, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Vopnafirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi svo aðeins fáir staðir séu nefndir.

Hægt er að sjá nánari dagskrá meðal annars á heimasíðu Starfsgreinasambandsins, www.sgs.is.




# Mannsæmandi laun til að lifa af er eilífðarverkefni

**KJARAMÁL** Þó önnur verkefni kunni að bætast við í framtíðinni þá er stærsti slagurinn enn að tryggja öllum mannsæmandi laun til að lifa af. Þetta er mat framkvæmdastjóra Starfsgreinasambands Íslands.

Tækninni hefur fleytt fram á gífurlegum hraða undanfarin ár og áratugi og með áframhaldandi þróun eru ýmis störf sem eiga á hættu að deyja út. Hjá Starfsgreinasambandinu hafa menn merkt slíka þróun mála en hingað til hefur það ekki komið að sök.

„Það má búast við miklum breytingum á næstu áratugum. Við verðum að bíða og sjá hvert þetta leiðir og tryggja að fólk geti sótt menntun til að takast á við framtíðina,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

„Víða hafa störf tapast í framleiðslu en þá hafa skapast ný í þjónustu.“

Drífa vísar þar meðal annars til starfa í ferðaþjónustu. „Þetta er að sjálfsögðu eitthvað sem þarf að taka mið af en þetta hefði verið mikið áhyggjuefni ef önnur störf hefðu ekki komið í staðinn.“

> **Helsta verkefnið er að koma lágmarkslaunum á þann stað að hægt sé að lifa af þeim. Við höfum ekki borið gæfu til að ljúka því verkefni.**
>
> Drífa Snædal framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins



Enn sem komið er er þetta hins vegar ekki mest aðkallandi verkefni verkalýðshreyfingarinnar. „Helsta verkefnið er að koma lágmarkslaunum á þann stað að hægt sé að lifa af þeim. Við höfum ekki borið gæfu til að ljúka því verkefni. Þá er húsnæðisvandinn aðkallandi sem og umræðan um tekjujöfnun og jöfnuð í samfélaginu öllu,“ segir Drífa. **johannoli@frettabladid.is**


Symbicort
Turbuhaler
160/4,5
polvo
120 dosis
LÚXUS
EÐA
LÍFSNAUÐSYN?
Á Íslandi búa þúsundir manna, kvenna og barna við verulegan skort. Það er staðreynd að þessi hópur á erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum án þess að eiga það á hættu að festast í fátæktargildru til frambúðar.
Hvernig má það vera að börn í vel stæðu samfélagi fái ekki næringu samkvæmt lágmarksviðmiði og að foreldrar þeirra geti ekki greitt fyrir lyf og læknisþjónustu nema annað sé látið sitja á hakanum?
Við krefjumst réttlætis.
Vertu með okkur 1. maí.
ÖBÍ

# Til hamingju?



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Til hamingju með daginn verkafólk og annað launafólk. Til hamingju með dag þeirra sem vilja byggja réttlátt þjóðfélag þar sem hvert og eitt okkar ber sanngjarnan skerf úr býtum fyrir vinnu sína og framlag til samfélagsins. Dag sanngirni og velferðar sem felur í sér við getum öll, án undantekninga, lifað mannsæmandi lífi. Enginn þurfi að búa við fátækt og skort. Að allir geti notið menntunar og heilbrigðisþjónustu. Að samfélagið sé réttlátt.

Á Íslandi hafa verið gengnar kröfugöngur á 1. maí allt frá árinu 1923 og krafan í grunninn í raun alltaf þessi eina og sama. Krafan um breytingar til betri vegar og réttlátara samfélag. Síðan þá hefur margt áunnist fyrir tilstilli samstöðu og þrotlausrar baráttu launafólks og fyrir það er rétt að vera þakklátur. en þegar maður hins vegar horfir yfir íslenskt samfélag í dag er óhætt að segja að maður hefði kosið að við værum komin lengra. Að samfélagið væri réttlátara en það er í raun.

Og þar er af mörgu að taka. Allt of mörgu. Rétt eins og víðar í hinum vestræna heimi virðist mikill minnihluti landsmanna eiga sífellt meira af verðmætum þjóðarinnar og það nánast sama hvar á er litið. Eignir þessara einstaklinga eru miklar og margir hafa þessir einstaklingar líka leitast við að koma jafnvel stórum hluta þessara eigna í skjól undan samneyslu samfélagsins og það alla leið til Panama. Svo eru líka einstaklingar í þessu samfélagi sem njóta launakjara og bónuskerfa þar sem hver og einn ber úr býtum svo háar fjárhæðir að það er í raun ekki fyrir venjulegt fólk að hugsa í slíkum fjárhæðum. Fyrirhugaðar bónusgreiðslur gamla Glitnis til svokallaðra lykilstarfsmanna upp á 2.700 milljónir króna eru í raun ágætt dæmi. En Glitnir er einmitt bankinn sem segir unga fólkinu að það sé, þrátt fyrir afleitar aðstæður til íbúðarkaupa, hægt að eignast íbúð ef það er með plan. Lykilstarfsmenn bankans hafa að minnsta kosti verið með gott plan en hvort það gagnast unga fólkinu er annað mál.

Þetta eru aðeins örfá dæmi af mörgum um vaxandi misskiptingu í íslensku samfélagi. Samfélagi sem virðist til að mynda lítið hafa lært af efnahagshruninu 2008 og afleiðingum þess. Og það er ekki aðeins misskipting sem er vani samfélagsins í dag. Fátækt er hér raunveruleg, lægstu laun og kjör fjölmargra aldraðra og öryrkja langt undir því sem ásættanlegt getur talist, heilbrigðiskerfið vægast sagt aðþrengt, jafnvel enn frekar en menntakerfið og velferðin í samfélaginu virðist í raun vera á undanhaldi.

Vissulega er allt þetta og meira til ekki síst verkefni stjórnmálanna en það undanskilur ekki verkalýðshreyfinguna í landinu. Samtök launafólks verða að fara að láta meira að sér kveða í þróun samfélagsins og mótun framtíðarsýnar sem gætir hagsmuna allra Íslendinga. Því miður virðist raunin vera að í dag séu hver og ein samtök að klóra í sinn bakka og það virðist ekki skila okkur því framtíðarríki réttlætis og jöfnuðar sem lagt var upp með í göngunni árið 1927. Það þarf greinilega annað og meira til ef fyrsti maí á að vera til hamingju fyrir alla Íslendinga.

**Því miður virðist raunin vera að í dag séu hver og ein samtök að klóra í sinn bakka og það virðist ekki vera að skila okkur því framtíðarríki réttlætis og jöfnuðar sem lagt var upp með í göngunni árið 1927.**

Halldór







## Frá degi til dags

**Fjölþreifið fólk**

Nú þegar rétt ár er í sveitarstjórnarkosningar eru ýmsar þreifingar í gangi og pólitískar slúðursögur. Viðreisn bætist ný í hópinn, að minnsta kosti í borginni, og þegar hafa margir velt því upp, miðað við náið samband flokksins við Bjarta framtíð í ríkisstjórn, hvort ekki væri klókt að ganga skrefinu lengra og sameina flokkana. Ljóst er að í sveitarstjórnarmálum væri það vænn kostur fyrir Viðreisn, sem mælist frekar lágt á landsvísu, enda er Björt framtíð nokkuð atkvæðamikil í sveitarstjórn þó að hún fljúgi ekki hátt í mælingum þegar landið er undir. Svo er náið með borgarstjóra og oddvita Bjartrar framtíðar, S. Birni Blöndal, í borginni. Hugmyndir eru á sveimi um sameiginlegt framboð.

**Sótsvartur sósíalisti**

Pólitísku tíðindin eru víða. Í dag stofnar Gunnar Smári Egilsson, Sósíalistaflokkinn á degi verkalýðsins. Áhugavert verður að sjá hvernig manni sem berst fyrir réttindum launafólks, en borgar sjálfur ekki laun til starfsmanna sinna, tekst til í stéttabaráttunni. En óneitanlega er það hressandi, á tímum þar sem flokkar nudda sér margir hver upp við annan og flokkslínur verða sífellt óljósari, að menn taki af skarið og skerpi á pólitískum línum. Hvort Gunnar Smári er rétti maðurinn í það, munu kjósendur skera úr um.

olof@frettabladid.is

# Berjumst fyrir auknum jöfnuði



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Þær raddir heyrast stundum að verkalýðshreyfingin sé að verða úrelt fyrirbæri. Að búið sé að tryggja þau réttindi sem þurfi að tryggja. Það er gríðarlegt vanmat á verkefnum hreyfingarinnar. Þeir sem taka þátt í kröfugöngum um land allt í dag, á baráttudegi verkalýðsins, eru sannarlega ekki þeirrar skoðunar.

Þó mikið hafi áunnist frá því í árdaga verkalýðshreyfingarinnar hafa grundvallarþarfirnar ekki breyst. Öll þurfum við að hafa í okkur og á. Öll þurfum við að hafa einhvers staðar höfði að að halla. Öll þurfum við að búa við öryggi. Það eru grundvallarþarfirnar.

Við þurfum líka að búa í samfélagi sem við erum sátt við. Samfélagi þar sem félagslegt réttlæti ríkir, þar sem allir búa við mannsæmandi lífskjör. Til að svo megi verða þurfum við að vinna gegn sívaxandi misskiptingu í samfélaginu. Við þurfum að halda áfram baráttunni fyrir því að auka jöfnuð.

Þeir sem tala hvað hæst fyrir mikilvægi efnahagslegs stöðugleika, en átta sig ekki á mikilvægi þess að koma á félagslegum stöðugleika, ættu að líta til þess.

Jöfnuður í samfélaginu er ein helsta forsenda stöðugleika. Á meðan sumir eiga varla til hnífs og skeiðar og horfa á aðra greiða sjálfum sér margföld árslaun venjulegs launafólks í bónusa eða arð verður engin sátt og enginn stöðugleiki. Eftir því sem misskiptingin í samfélaginu verður meiri munu þau átök sem einkennt hafa samfélag okkar undanfarið harðna.

Ef stjórnmálamönnum og öðrum sem tala um stöðugleika er einhver alvara verður að byrja á því að tryggja launafólki og almenningi öllum mannsæmandi lífskjör og draga úr misskiptingunni frekar en að halda áfram að auka ójöfnuð.

Markmið okkar allra á að vera að auka lífsgæði í landinu og koma á velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd sem við getum öll verið stolt af.

**Jöfnuður í samfélaginu er ein helsta forsenda stöðugleika.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Frjáls fákeppni

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Undir lok 15. aldar var kveðinn upp hér á landi svonefndur Píningsdómur, sem reyndar var kenndur við hirðstjóra Dana hér á landi, Diðrik Píning, en ekki þá pínu fyrir land og þjóð sem dóminum fylgdi.

**Þéttbýlismyndun stöðvuð**

Dómurinn kom í kjölfar sáttargjörðar milli Englendinga og Dana um verslunarmál og fiskveiðar, en 15. öldin hefur verið kölluð „Enska öldin“ í sögubókum vegna mikilli umsvifa og áhrifa Englendinga á Íslandi. Þessar þjóðir höfðu barist um aðganginn að íslenskum auðlindum og verslun við landsmenn og blönduðust þýskir Hansakaupmenn inn í þau átök.

Samkvæmt sáttinni máttu enskir kaupmenn halda áfram að stunda fiskveiðar og verslun á Íslandi, og greiddu Danakonungi skatt á sjö ára fresti. Íslenskir höfðingjar og stórbændur hér voru hins vegar óánægðir með þessa sátt og samþykktu á alþingi lög sem kennd voru við danska hirðstjórann. Samkvæmt þessum dómi var enskum kaupmönnum meinuð vetursetа og þeir máttu ekki hafa Íslendinga í þjónustu sinni; að auki var að finna í dómnum ákvæði þess efnis að þeir landsmenn sem ekki hefðu efni á að reisa sér sitt bú skyldu vera í vist hjá bændum.

Þar með slógu íslenskir stórbændur tvær flugur í einu höggi: þeir komu í veg fyrir þéttbýlismyndun við sjávarsíðuna kringum kaupmenn, eins og þegar var tekið að örla á – og tryggðu sér vinnuafl sem varla var betur sett en þrælar. Það fólk sem náði þó að nurla sér nægilega miklu saman til að losna úr þessari ánauð átti í vændum heiðahokur á borð við það sem lýst er í Sjálfstæðu fólki.

Píningsdómur átti eftir að hafa langvinnar og afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun íslensks samfélags og áhrifa hans gætir enn.

> **Píningsdómur átti eftir að hafa langvinnar og afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun íslensks samfélags og áhrifa hans gætir enn.**

**Viðskiptaþegnar**

Þessara áhrifa gætir í hugarfari. Við erum einkennilega lítilþægir neytendur, miðað við það hversu síóánægð við erum með þingmennina okkar – sem við kjósum sjálf. Þegar kemur hins vegar að samræmdum hækkunum olíufélaga, tryggingafélaga, matvörukaupmanna og byggingavöruverslana þá taka Íslendingar því ævinlega með nokkurs konar forlagahyggju, eins og dýrtíð sé eitt grundvallarlögmál tilverunnar. Það örlar á gömlum undirdánugheitum og við beygjum okkur bljúg undir frámunalega gjaldtöku sem fer fram í skjóli samráðs og þeirra frjálsu fákeppni sem íslenskir kapítalistar hafa sérhæft sig í.

Þessara áhrifa gætir í því viðhorfi stórfyrirtækjanna að við séum ekki viðskiptavinir heldur fremur viðskiptaþegnar – gott ef ekki viðskiptahjú. Hér hefur þróast einkennileg tegund af viðskiptalegu vistarbandi þar sem við, almennir borgarar, erum í vist hjá einhverju olíufélaginu, tryggingafélaginu eða matvörurisanum.




Guðmundur Andri segir Íslendinga einkennilega lítilþæga neytendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þessara áhrifa gætir í því að lífeyrissjóðirnir sem við launafólk greiðum í eru notaðir í valdabrölti einstaklinga; og þar sitja fulltrúar atvinnurekenda í stjórnum. Þeir voru notaðir blygðunarlaust til að taka þátt í fjárglæfraævintýrum áranna fyrir Hrun, en hafa eftir Hrun fjárfest í fyrirtækjum sem hafa hagsmuni af háu matarverði og húsnæðisskorti.

Þessara áhrifa gætir í þróun stjórnmála. Íslensk alþýða hefur ekki nýtt samtakamátt sinn til raunverulegra áhrifa í stjórnmálum hér á landi. Hér hafa að vísu starfað tugir lítt skipulagðra smáflokka sem jafnan eru stofnaðir til að sameina jafnaðarmenn, og hafa forystumenn verið fundvísir á ný og ný sundrungarefni í því augnamiði, ný og ný tilbrigði að sameinast um í sífellt smærri sérfylkingum.

Þessara áhrifa gætir í því að félagshyggja er óþroskuð hér og hefur ekki náð að setja mark sitt á íslenskt samfélag eins og hún hefur gert á öðrum Norðurlöndum þar sem flokkar jafnaðarmanna fengu atkvæði stuðningsmanna sinna í kosningum. Kaupfélögin voru á sínum tíma þjóðþrifafyrirtæki en þau þróuðust yfir í að vera auðhringur sem hafði lamandi áhrif á atvinnulíf þeirra bæja sem hann stjórnaði og ekki öll kurl komin til grafar um það í hvaða vösum verðmæti SÍS enduðu.

Nema nú er sem sagt amerískt KRON að fara að hefja hér starfsemi – Costco, kaupfélag Ameríku og nágrennis, gæti kallast KAN á íslensku. Höfðingjar og stórbændur nútímans eru í óða önn að búa sig undir samkeppnina með því að kaupa það fáa sem þeir eiga ekki nú þegar. Vonandi á hinu ameríska kaupfélagi eftir að vegna vel hér og afla margra félaga. Þrátt fyrir allt hefur okkur borið þangað að ólíklegt er að nýr Píningsdómur verði settur til að stöðva starfsemi þess.





Brynjar Þór Björnsson lyftir Íslandsmeistarabikarnum í DHL-höllinni í Frostaskjóli í gærkvöldi. Þetta er fjórði Íslandsmeistaratitill KR í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Sannkallað karnival í KR-heimilinu

**KR-ingar buðu upp á sýningu í oddaleik liðsins gegn Grindavík um Íslandsmeistaratitilinn í gær. Þeir sýndu allar sínar bestu hliðar og pökkuðu Grindvíkingum saman. Leiknum var lokið í hálfleik er KR var með 31 stigs forskot. Ótrúleg frammistaða hjá meisturunum.**

**KÖRFUBOLTI** Fjórða árið í röð náði KR að verða Íslandsmeistari í körfubolta. Það er magnaður árangur. Grindvíkingar voru eins og lömb leidd til slátrunar fyrir framan 2.700 áhorfendur í KR-heimilinu í gær. Það var uppselt og hætt að selja inn hálftíma fyrir leik. Slíkt gerist bara ekki á Íslandi og gaman að sjá þennan mikla körfuboltaáhuga. Eftir lofandi upphafsmínútur hjá Grindvíkingum þá féll þeim allur ketill í eld. Brattir KR-ingar tóku keflið og hlupu með það alla leið. KR skoraði 21 síðustu stig fyrri hálfleiks og leiddi með 31 stig yfir í hálfleik, 49-18. Algjörlega ótrúlegar tölur.

Á meðan ofurlið KR sýndi loksins allar sínar bestu hliðar voru Grindvíkingar heillum horfnir. Þeirra aðalmaður, Lewis Clinch, var meðvitundarlaus og skoraði sitt fyrsta stig ekki fyrr en í lok þriðja leikhluta. Þá var leikurinn löngu búinn.

### Sýndu sig á stóra sviðinu

Það var hrein unun að fylgjast með KR-liðinu í gær. Þó svo liðið sé búið að vinna allt þá er búið að gagnrýna þá nokkuð. Er sviðið var orðið eins stórt og það getur orðið þá sýndu þessir strákar svo sannarlega hvað þeir eru. Þetta eru sigurvegarar.

Fyrirliðinn Brynjar Þór Björnsson fór fyrir sínu liði en hann elskar stóru leikina. Hann sýndi það enn eina ferðina í gær með mögnuðum leik. Það lögðu allir sín lóð á vogarskálarnir í gær. Engir farþegar. Einfaldlega besta körfuboltalið landsins að sýna þjóðinni hvað það er gott.

Það sem hlýtur að gera þennan einstaka árangur KR-liðsins enn sætari en ella fyrir félagið er sú staðreynd að liðið er borið uppi af uppöldum KR-ingum. Útlendingurinn er í aukahlutverki og í raun gæti KR stillt upp alíslensku byrjunarliði ef Kristófer Acox væri settur í liðið. Þessir titlar eru stór rós í hnappagat uppeldisstarfs KR-inga sem er augljóslega til mikillar fyrirmyndar.

Grindvíkingar eiga skilið klapp á bakið fyrir sína frammistöðu í vetur þrátt fyrir þessa útreið. Liðið er búið að gefa öllum langt nef í vetur og það var ekki lítið afrek hjá þeim að komast í þennan oddaleik gegn KR. Er upp var staðið var verkefnið einfaldlega of stórt engu að síður.

> Ég trúði því varla er ég frétti að stúkan væri full tveimur tímum fyrir leik og það var ólýsanlegt að labba út í upphitun.
>
> Brynjar Þór Björnsson, fyrirliði KR

### Loksins á heimavelli

„Það er alveg yndislegt að lyfta bikarnum á heimavelli núna eftir að hafa tekið síðustu þrjá á útivelli," sagði glaðbeittur fyrirliði KR, Brynjar Þór Björnsson, sem var að vinna sinn sjöunda Íslandsmeistaratitil í gær.

„Ég trúði því varla er ég frétti að stúkan væri full tveimur tímum fyrir leik og það var ólýsanlegt að labba út í upphitun og síðan spila leikinn í þessari umgjörð. Það er alltaf verið að tala um hvað við séum rosalega góðir og það síast inn. Þá kemur deyfð. Við erum eiginlega fórnarlömb okkar eigin árangurs. Við höfðum gaman af þessu og þegar sviðið verður svona stórt þá höfðum við rosalega gaman af þessu."

Brynjar segir að það hafi ekki verið neitt stress þó svo liðið hafi verið að spila illa í síðustu leikjum. Sjálfur elskar hann stóru leikina og sýndi það í kvöld með því að vera stigahæstur á vellinum með 23 stig.

„Þetta eru síðustu forvöð hjá mér að spila svona leiki og það er því eins gott fyrir mig að njóta þess. Þetta var einstakur viðburður þessi leikur fyrir framan uppseldu húsi. Það er mikið afrek að vinna þetta fjögur ár í röð. Síðustu fjórir titlar dofna í samanburði við þennan. Þessi var rosalega sætur."

henry@frettabladid.is

## Felldu okkur á okkar bragði



Jóhann Þór Ólafsson, þjálfari Grindavíkur, var að vonuim súr og svekktur eftir þennan mikla skell gegn KR.

„Þetta er eitthvert mesta „choke" sem ég hef orðið vitni að. Við bara skitum á okkur og misstum trúna strax. KR-ingarnir spiluðu mjög vel og fóru að hafa gaman af þessu og njóta. Þeir í raun og veru felldu okkur á okkar bragði," sagði Jóhann í hálfgerðu losti.

„Ég óttaðist að KR myndi finna þennan takt. Fatta að njóta, hafa gaman og virða það að vera bestir. Ekki halda að þetta komi af sjálfu sér. Við gáfumst upp í öðrum leikhluta og þetta var búið í hálfleik. Mögulega var sviðið of stórt fyrir okkur í þessum leik. Við lærum af þessu."




# Það er ekki nóg að hafa plan.
# Það þarf að framkvæma.

Skortur á íbúðarhúsnæði er eitt af stærstu úrlausnarefnum samfélagsins. Sífellt stærri hópur venjulegs fólks hefur hvorki efni á að leigja né kaupa húsnæði. Efling – stéttarfélag skorar á yfirvöld að láta verkin tala – því skjótra úrlausna er þörf.

EFLING
STÉTTARFÉLAG

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 35. umferðar 2016-17**

**Sunderland - Bournem. 0-1**
0-1 Joshua King (88.)

**Stoke - West Ham 0-0**

**Southampton - Hull 0-0**

**WBA - Leicester 0-1**
1-0 Jamie Vardy (43.).

**C. Palace - Burnley 0-2**
0-1 Ashley Barnes (7.), 0-2 Andre Gray (85.).

**Man. Utd - Swansea 1-1**
1-0 Wayne Rooney, víti (45.), 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson (80.).

**Everton - Chelsea 0-3**
0-1 Pedro (65.), 0-2 Gary Cahill (79.), 0-3 Willian (87.).

**M'brough - Man. City 2-2**
1-0 Alvaro Negredo (38.), 1-1 Sergio Agüero, víti (69.), 2-1 Calum Chambers (78.), 2-2 Gabriel Jesus (85.).

**Tottenham - Arsenal 2-0**
1-0 Dele Alli (55.), 2-0 Harry Kane, víti (58).

**Watford - Liverpool**
*Leikurinn fer fram klukkan 19.00 í kvöld.*

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 34 | 26 | 3 | 5 | 72-29 | 81 |
| Tottenham | 34 | 23 | 8 | 3 | 71-22 | 77 |
| Liverpool | 34 | 19 | 9 | 6 | 70-42 | 66 |
| Man. City | 34 | 19 | 9 | 6 | 65-37 | 66 |
| Man. Utd. | 34 | 17 | 14 | 3 | 51-25 | 65 |
| Arsenal | 33 | 18 | 6 | 9 | 64-42 | 60 |
| Everton | 35 | 16 | 10 | 9 | 60-40 | 58 |
| WBA | 34 | 12 | 8 | 14 | 39-43 | 44 |
| S'ton | 33 | 11 | 8 | 14 | 39-44 | 41 |
| Bournem. | 35 | 11 | 8 | 16 | 50-63 | 41 |
| Leicester | 34 | 11 | 7 | 16 | 42-54 | 40 |
| Stoke | 35 | 10 | 10 | 15 | 37-50 | 40 |
| Watford | 33 | 11 | 7 | 15 | 37-54 | 40 |
| Burnley | 35 | 11 | 6 | 18 | 35-49 | 39 |
| West Ham | 35 | 10 | 9 | 16 | 44-59 | 39 |
| C. Palace | 35 | 11 | 5 | 19 | 46-56 | 38 |
| Hull | 35 | 9 | 7 | 19 | 36-67 | 34 |
| Swansea | 35 | 9 | 5 | 21 | 40-69 | 32 |
| M'brough | 35 | 5 | 13 | 17 | 26-45 | 28 |
| Sunderland | 34 | 5 | 6 | 23 | 26-60 | 21 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**



Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Skoraði á Old Trafford þriðja árið í röð, nú með glæsilegri skoti beint úr aukaspyrnu, og tryggði 1-1 jafntefli gegn Manchester United. Spilaði allan leikinn fyrir Swansea.



Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Var ónotaður varamaður þegar Burnley vann Crystal Palace, 2-0 og nær gulltryggði sæti sitt í deildinni. Þetta var fyrsti sigur Burnley á útivelli allt tímabilið í ensku úrvalsdeilldinni.



Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Spilaði allan leikinn í 2-0 tapi fyrir Newcastle, sem er þegar komið upp í úrvalsdeild.



Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Kom inn á sem varamaður er Wolves tapaði fyrir Derby á útivelli, 3-1.



Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Ekki í leikmannahópi Fulham sem gerði 1-1 jafntefli við Brentford.



Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Var ónotaður varamaður þegar Bristol vann topplið Brighton á útivelli, 1-0.

## Markasúpa á Skipaskaga í opnunarleik Pepsi-deildar karla



**Fyrsta þrennan í opnunarleiknum** Steven Lennon skoraði fyrstu þrennu sumarsins í Pepsi-deild karla og það í opnunarleik tímabilsins, er Íslandsmeistarar FH unnu 4-2 sigur á ÍA. Skagamenn komust þó yfir eftir tvö mörk frá Tryggva Hrafni Haraldssyni en FH-ingar áttu síðasta orðið. Halldór Orri Björnsson, hér fyrir ofan, lék sinn fyrsta leik fyrir FH í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Árlegt hjá Gylfa á Old Trafford

**Aukaspyrnumark Gylfa Þórs Sigurðssonar tryggði Swansea City stig gegn Manchester United á Old Trafford. Hann hefur nú skorað á þessum velli þrjú ár í röð. Stigið sem Gylfi tryggði gæti reynst Svönunum dýrmætt.**

**FÓTBOLTI** Mark hjá Gylfa Þór Sigurðssyni á Old Trafford er orðinn árlegur viðburður. Íslenski landsliðsmaðurinn hefur nú skorað í þremur leikjum í röð í leikhúsi draumanna, eitthvað sem aðeins fjórum öðrum leikmönnum í sögu ensku úrvalsdeildarinnar hefur tekist. Það eru ekki ómerkari menn en Sergio Agüero, Emmanuel Adebayor, Jimmy Floyd Hasselbaink og Mark Viduka.

„Það hefur verið frábært fyrir mig að spila hérna undanfarin þrjú ár og skora í hverjum leik. Þetta var mikilvægt mark og vonandi telur þetta stig þegar talið verður upp úr kössunum," sagði Gylfi eftir leikinn í gær.

Swansea spilaði vel á Old Trafford og jafntefli var það minnsta sem liðið átti skilið út úr leiknum. Það var þó Manchester United sem náði forystunni í uppbótartíma fyrri hálfleiks þegar Wayne Rooney skoraði úr umdeildri vítaspyrnu.

Swansea gafst ekki upp og þegar 11 mínútur voru til leiksloka var komið að Gylfa. Rooney braut þá klaufalega á Jordan Ayew fyrir utan vítateig og Neil Swarbrick dæmdi aukaspyrnu. Það var aldrei neinn annar að fara að taka spyrnuna en Gylfi og honum brást ekki bogalistinn; setti boltann yfir varnarvegginn og í hornið, óverjandi fyrir David De Gea, markvörð United.

Stórkostlegt mark hjá Gylfa sem er svo sannarlega með meirapróf í því að taka aukaspyrnur. Frá því hann kom aftur til Swansea sumarið 2014 hefur enginn leikmaður í ensku úrvalsdeildinni skorað jafnmörg mörk beint úr aukaspyrnum og íslenski landsliðsmaðurinn, eða sex talsins. Allt í allt hefur Gylfi skorað sjö mörk beint úr aukaspyrnum fyrir Swansea.

Markið hans Gylfa tryggði Swansea mikilvægt stig í fallbaráttunni. Velska liðið er þó enn í fallsæti, tveimur stigum á eftir Hull City sem er í 17. sætinu.

Bæði Swansea og Hull eiga þrjá leiki eftir á tímabilinu og þeir eru álíka erfiðir. Swansea mætir Everton á heimavelli í næstu umferð, sækir svo fallna Sunderland-menn heim og fær svo West Brom, lið sem hefur ekki skorað í fimm leikjum í röð og virðist hætt, í heimsókn í lokaumferðinni. Hull á eftir að mæta Sunderland (heima), Crystal Palace (úti) og Tottenham (heima).

Möguleikar Swansea á að halda sér í ensku úrvalsdeildinni eru því nokkuð góðir. En jafnvel þótt liðið haldi sér uppi eru hverfandi líkur á því að Gylfi verði áfram leikmaður Swansea á næsta tímabili. Frammistaða hans í vetur hefur einfaldlega verið það góð að stærri félög hljóta að reyna að krækja í íslenska landsliðsmanninn. **ingvithor@365.is**

### Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Tottenham vann 2-0 sigur á Arsenal í síðasta Norður-Lundúnaslagnum á White Hart Lane. Þessi úrslit tryggja það að Tottenham endar fyrir ofan Arsenal í fyrsta sinn í 22 ár. Sigurinn var líka nauðsynlegur til að halda spennu í toppbaráttunni en Spurs er áfram fjórum stigum á eftir Chelsea.

**Hvað kom á óvart?**
Burnley tók upp á því að vinna útileik í fyrsta sinn á tímabilinu þegar liðið bar sigurorð af Crystal Palace á Selhurst Park. Sigurinn var gríðarlega mikilvægur fyrir Burnley og nánast tryggir það að liðið verði áfram í ensku úrvalsdeildinni á næsta tímabili.

**Mestu vonbrigðin**
Sunderland féll úr ensku úrvalsdeildinni eftir 0-1 tap fyrir Bournemouth á heimavelli sínum. Sunderland hefur daðrað við fallið undanfarin ár en er nú loksins fallið eftir 10 ára samfellda dvöl í ensku úrvalsdeildinni. Lærisveinar Davids Moyes hafa verið áberandi lakasta lið deildarinnar í vetur.

### Leikmaður helgarinnar



Gary Cahill átti skínandi góðan leik þegar Chelsea bar sigurorð af Everton, 0-3, á Goodison Park í gær. Chelsea er því áfram með fjögurra stiga forskot á Tottenham á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

Cahill var sterkur í vörninni og var auk þess á skotskónum. Pedro kom Chelsea yfir með glæsilegu marki á 66. mínútu. Á 79. mínútu var röðin svo komin að Cahill sem skoraði með skoti af stuttu færi eftir aukaspyrnu Edens Hazard. Willian kláraði svo dæmið fjórum mínútum fyrir leikslok.

Cahill skoraði einnig í 4-2 sigrinum á Southampton á þriðjudaginn og er alls kominn með sex mörk á tímabilinu. Cahill er alltaf duglegur að skora og hefur gert 27 mörk í 317 leikjum í ensku úrvalsdeildinni. John Terry, samherji Cahills hjá Chelsea, er eini varnarmaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar sem hefur skorað meira (ef mörk úr vítaspyrnum eru dregin frá) en Cahill. **- iþs**

Fólk
Heimili
MÁNUDAGUR 1. MAÍ 2017



MYND/GAGN

# Efniviðurinn í forgrunni

Hjónin Magnús Freyr Gíslason og Kolbrún Dögg Sigurðardóttir hanna og smíða heimilismuni úr viði á Sauðárkróki undir heitinu Gagn. Einfaldleiki einkennir hönnunina. 2



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Við fluttum á Sauðárkrók árið 2015 eftir átta ár við nám og störf í Kaupmannahöfn og síðar þrjú ár í Reykjavík en við eigum bæði okkar rætur í Skagafirði. Þá var Magnús byrjaður að læra húsgagnasmíði og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra býður upp á helgarnám í faginu. Fyrsta varan kom til þegar Magnús braut gamalt tekk skóhorn sem við höfðum keypt á námsárunum, fór út í skúr til að laga það en endaði á að smíða nýtt frá grunni. Síðan hafa fleiri vörur bæst við og sér ekki fyrir endann á ævintýrinu,“ útskýrir Kolbrún Dögg Sigurðardóttir en hún og eiginmaðurinn Magnús Freyr Gíslason settu á fót hönnunar- og framleiðslufyrirtækið Gagn á síðasta ári.

Magnús lauk námi í arkitektúr frá Konunglegu Listaakademíunni í Kaupmannahöfn og sinnir húsvernd hjá Minjastofnun Íslands. Náminu í húsgagnasmíðinni lýkur hann í vor. Kolbrún er grunnskólakennari við Árskóla og segist enga formlega menntun hafa í hönnun eða smíði en er að sögn Magnúsar, mikil smekkmanneskja og prófar sig áfram á verkstæðinu.



„Katla, átta ára, hjálpar til við hugmyndavinnu og kemur reglulega með hugmyndir að nýjum vörum á meðan Hinrik, tveggja ára, gæða- og álagsprófar allar frumgerðir sem rata inn á heimilið.“

Fyrir utan skóhornið er að finna blómastanda í vörulínu Gagns og þá er bæði skenkur og spegill á teikniborðinu.

„Útgangspunkturinn hjá okkur er alltaf einföld vara, þar sem efniviðurinn er í forgrunni,“ útskýrir Magnús. „Við reynum að horfa á hluti í umhverfi okkar sem gætu notið góðs af því að verða strípaðir niður í sín grunnelement og endurhannaðir í fallegum viði. Þær vörur sem við höfum sett á markað hingað til eru allar úr heilviði; hnotu og eik. Hann nýtur sín sem efniviður í einföldu, vel hönnuðu stykki og það er mjög verðlaunandi að hafa unnið að verki lengi og pússað tímum saman, og sjá loks mattan, litlausan flötinn lifna við þegar fyrsti olíudropinn lendir á honum.“

Hvert skóhorn er sagað út í gróft mál og svo skorið út með útskurðarhnífi. Ekkert skóhorn er því nákvæmlega eins. Blómastandarnir eru úr eik og hnotu og framleiddir í tveimur stærðum. Einfaldleiki einkennir hönnun Magnúsar og Kolbrúnar en mikil vinna liggur á bak við hvern hlut.

„Sú vinna á öll að leiða til þess að maður upplifi ekki hlutinn sem ofhannaðan, sem gæti hljómað sem mótsögn,“ segir Magnús.

„Þessa dagana erum við að leggja lokahönd á prótótýpu af skenk sem við erum mjög spennt fyrir. Hann er í skandinavískum stíl og verður einföld og vel smíðuð mubla. Þá er spegill á teikniborðinu sem mun verða í ætt við blómastandana. Það er spennandi vor fram undan með fullt af nýjum vörum og áframhaldandi hugmyndavinnu. Við erum með fulla bók af skissum sem munu fara í þróun ein af annarri á milli þess sem við afgreiðum pantanir,“ segir Magnús

**Hvernig hafa viðtökurnar verið?** „Viðtökurnar hafa verið fram úr björtustu vonum og við erum rosalega þakklát fyrir þau fallegu skilaboð sem okkur hafa borist,“ segir Kolbrún. „Það er mjög hvetjandi og því fara flestöll kvöld og helgar í smíðavinnu og utanumhald. Krökkunum okkar finnst þetta sem betur fer líka spennandi og hafa lagt hönd á plóg. Katla, átta ára, hjálpar til við hugmyndavinnu og kemur reglulega með hugmyndir að nýjum vörum á meðan Hinrik, tveggja ára, gæða- og álagsprófar allar frumgerðir sem rata inn á heimilið. Við munum reyna að deila eins miklu af verkstæðislífinu á Instagram og Facebook ef tími gefst til að stoppa og taka mynd.“ @gagniceland www.facebook.com/gagniceland/

Blómastandarnir eru úr eik og hnotu og framleiddir í tveimur stærðum. Einfaldleiki einkennir hönnun Magnúsar og Kolbrúnar.






Skenkur og spegill munu bætast við vörulínu Gagns fljótlega.

„Fyrsta varan kom til þegar að Magnús braut gamalt tekkskóhorn sem við höfðum keypt á námsárunum, fór út í skúr til að laga það en endaði á að smíða nýtt frá grunni,“ segir Kolbrún.




# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



SÓLGÆTI – ÁVALLT GOTT VERÐ OG NÚ ENN BETRA!

HOLLT OG GOTT!

FRÁBÆR TILBOÐ 27. APRÍL – 8. MAÍ

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLU SÓLGÆTI

Döðlur 500 gr Verð áður: 489 kr. **Verð nú: 367 kr.**
Hesli hnetur 250 gr Verð áður: 869 kr. **Verð nú: 652 kr.**
Goji ber 125 gr Verð áður: 598 kr. **Verð nú: 449 kr.**
Þurrkað mangó 125 gr Verð áður: 559 kr. **Verð nú: 419 kr.**
Sesamfræ 250 gr Verð áður: 509 kr. **Verð nú: 382 kr.**
Súper omega fræblanda 250 gr Verð áður: 509 kr. **Verð nú: 382 kr.**
Chia fræ 100 gr Verð áður: 449 kr. **Verð nú: 337 kr.**
Puy linsur 500 gr Verð áður: 629 kr. **Verð nú: 472 kr.**
Sólblóma fræ 500 gr Verð áður: 589 kr. **Verð nú: 442 kr.**
Haframjöl 500 gr Verð áður: 379 kr. **Verð nú: 284 kr.**
Kókosmjöl 250 gr Verð áður: 409 kr. **Verð nú: 307 kr.**
Kókos olía 200 ml Verð áður: 699 kr. **Verð nú: 525 kr.**
Grænar linsur 500 gr Verð áður: 569 kr. **Verð nú: 427 kr.**
Rauðar linsur 500 gr Verð áður: 469 kr. **Verð nú: 352 kr.**

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



Land Rover Discovery 4.S nýsk. 04/13 ek. 57þús 3 L dísel, sjálfsk. Leður, bakkskynjarar. Einn eigandi, verð 7.990.000. kr. s:8923207

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

**NOTUÐ DEKK TIL SÖLU**
Dekk til sölu. 195/50R15. 185/65R15. ofl. í stærð 15". Sími 867 4777.

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. 30 ára reynsla. Tímakaup eða tilboð. Upplýsingar í síma 8488899 eða 8986796.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís nettó BÓNUS Samkaup úrval Samkaup strax Fjarðarkaup



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

## Til sölu

**VERSLUNARTÆKNI**
www.verslun.is
Allt hjá okkur



Sýningarsalur við Dragháls

**ALLT FYRIR ATVINNUELDHÚSIÐ**



Allt hjá okkur

TAKTIK 4850#

Framúrskarandi fyrirtæki 2016
VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**




Alhliða smíðavinna Smíðaverktakar ehf 777-0709 8695927 smidaverktakar@gmail.com Facebook: smíðaverktakar ehf

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




Alvöru flökunarhnífar úr 440 stáli Verð 2.990 kr. Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu 180 fermetra raðhús með bílskúr í Seljahverfinu stutt frá Seljaskóla í langtímaleigu. Leiga er kr. 340.000 á mánuði. Greiða þarf 2 mánuði í tryggingu. Leigutaki greiðir fyrir hita og rafmagn. Óskað er eftir sakavottorði, meðmælum frá fyrri leigusölum og upplýsingum um atvinnu. Áhugasamir sendið fyrirspurnir á leiga17@outlook.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu. Viðkomandi verður að vera með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

**HÁSETI / STÝRIMAÐUR**
Tvo duglega háseta og stýrimann vantar á 200t netabát frá Þorlákshöfn sem fer síðar á humar. Uppl. í s. 892 0367 og 483 3548




Atvinna

# Smiðir óskast!

Upplýsingar sendist á netfangið magnush@centrum.is
eða hafið samband í síma 8924547 / 8975547

**Magnús og Steingrímur ehf.**

Tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



# Sumartilboð

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**

***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍA - FH 2-4**

0-1 Steven Lennon (15.), 1-1 Tryggvi Hrafn Haraldsson (27.), 1-2 Tryggvi Hrafn (33.), 2-2 Lennon (35.), 2-3 Kristján Flóki Finnbogason (66.), 2-4 Steven Lennon (77.).

Steven Lennon skoraði fyrstu þrennu sumarsins í opnunarleik mótsins. Íslandsmeistararnir voru sannfærandi í leiknum.

**ÍBV - Fjölnir 0-0**

Rautt spjald: Hafsteinn Briem, ÍBV (15.)

Fjölnir náði ekki að nýta sér liðsmuninn eftir að ÍBV missti mann af velli snemma leiks. Fjölnir sótti þó nánast án afláts.

**Valur - Víkingur Ó. 2-0**

1-0 Dion Acoff (65.), 2-0 Nikolaj Hansen (79.).

Valsmenn sýndu mikla yfirburði gegn Ólafsvíkingum en voru lengi að brjóta gestina á bak aftur. Sigurinn var þó sannfærandi.

**Í dag**

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | Breiðablik - KA | Kópavogsv. |
| 19.15 | KR - Víkingur | KR-velli |
| 19.15 | Grindavík - Stjarnan | Grind. |
| 22.00 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 23.25 | Síðustu 20 | Sport |

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

*Undanúrslit, oddaleikur*

**Stjarnan - Grótta 29-25**

**Mörk Stjörnunnar:** Helena Rut Örvarsdóttir 6, Rakel Dögg Bragadóttir 6, Hanna G. Stefánsdóttir 5/2, Sólveig Lára Kjærnested 3, Elena Elísabet Birgisdóttir 3, Nataly Sæunn Valencia 2, Brynhildur Kjartansdóttir 2, Stefanía Theodórsdóttir 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1.

**Mörk Gróttu:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 5, Lovísa Thompson 4, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 4/1, Unnur Ómarsdóttir 3, Sunna María Einarsdóttir 2, Guðrún Þorláksdóttir 2.

Stjarnan vann einvígið, 3-2, og mætir Fram í lokaúrslitunum.

**Domino's-deild karla**

*Lokaúrslit, oddaleikur*

**KR - Grindavík 95-56**

**Stig KR:** Brynjar Þór Björnsson 23/9 fráköst, Kristófer Acox 14/8 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 11, Þórir G. Þorbjarnarson 9, Darri Hilmarsson 8, Jón Arnór Stefánsson 8/10 fráköst/8 stoðsendingar, Philip Alawoya 8, Pavel Ermolinskij 5/13 stoðsendingar, Sigvaldi Eggertsson 5, Snorri Hrafnkelsson 4.

**Stig Grindavíkur:** Dagur Kár Jónsson 15, Þorleifur Ólafsson 8/8 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 8/10 fráköst, Þorsteinn Finnbogason 7, Ingvi Þór Guðmundsson 7, Lewis Clinch Jr. 6, Ólafur Ólafsson 5/7 fráköst.



**Óskar Bjarni Óskarsson, annar þjálfara Vals, var afar vonsvikinn með dómgæsluna í Rúmeníu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Helsárir Valsmenn vilja kæra úrslitin í Rúmeníu

**HANDBOLTI** Valur er úr leik í Áskorendakeppni Evrópu eftir tap fyrir rúmenska liðinu Potaissa Turda í síðari leik liðanna ytra í gær, 32-23. Valur vann fyrri leikinn með átta marka mun en tapaði einvíginu með eins marks mun.

Snemma leiks lýstu íslenskir handboltaáhugamenn óánægju sinni með frammistöðu tékkneska dómaraparsins á samfélagsmiðlum. Eftir leik kom í ljós að Valsmenn deildu þeirri skoðun og Óskar Bjarni Óskarsson, annar þjálfara Vals, sparaði ekki stóru orðin í viðtali við Fréttablaðið að leiknum loknum.

„Það er erfitt að lýsa því hvernig manni líður eftir svona leik. Þetta er skrýtin tilfining sem maður hefur aldrei upplifað áður. Ég er mjög sár," sagði Óskar Bjarni.

Hann segir að það sé augljóst mál, að tékknesku dómararnir voru keyptir til að dæma rúmenska liðinu í hag og tryggja að liðið færi áfram í úrslitaleik keppninnar.

„Það er pottþétt að dómararnir voru keyptir. Þetta eru stór orð en ég stend við þau," sagði Óskar Bjarni enn fremur. Hann viðurkennir fúslega að Valsmenn hefðu getað gert margt betur í leiknum.

„Við nýttum færin illa í fyrri hálfleik sem við gerðum betur í síðari hálfleik. En vörn og markvarsla hefðu mátt vera betri. Að því sögðu er ég algerlega sannfærður um að það er sama hvernig þessi leikur hefði þróast – dómgæslan var slík að niðurstaðan hefði alltaf átt að vera á þennan veg."

Hann segir að eftirlitsdómari leiksins hefði ekki brugðist við athugasemdum Vals um að áhorfendur væru með hljóðnema og flautu í stúkunni.

„Það var ekkert hlustað á okkur og ekki hægt að ná sambandi við dómarana. Þetta er sorglegt fyrir handboltann, að svona lagað sé að gerast árið 2017. Við höfum talað við lögfræðing og erum að íhuga að kæra. En úrslitin munu eflaust standa, sama hvað gerist núna. Nú munum við bara einbeita okkur að úrslitakeppninni heima."

– esá



## Merkisatburðir

**1328** Frelsisstríði Skota lauk með sáttmála sem kenndur er við Edinborg og Northampton. Í honum fólst að England viðurkenndi sjálfstæði konungsríkisins Skotlands.

**1615** Átttatíu manns af þrettán skipum fórust í aftakaveðri á Breiðafirði.

**1707** Konungsveldin England og Skotland sameinuðust undir fána Stóra-Bretlands.

**1753** Ritið Species Plantarum eftir hinn sænska Carl von Linné kom út en með því var grunnurinn lagður að flokkun plantna og dýra.

**1783** Ný eyja myndaðist í eldgosi suðvestur af Reykjanesi. Hafði eyddi henni á innan við ári.

**1786** Brúðkaup Fígarós, ópera eftir Mozart, var frumsýnd í Vín.

**1851** Viktoría Bretadrottning setti heimsýninguna í London.

**1889** Fundarmenn þings evrópskra verkalýðsfélaga ákváðu að 1. maí skyldi frá þeim degi vera alþjóðlegur frídagur verkafólks.

**1929** Jarðskjálfti, 7,2 að styrk, skók landamæri Írans og Túrkmenistan. Tæplega fjögur þúsund létust.

**1930** Dvergstirnið Plútó, þá viðurkennd pláneta, nefnd.

**1935** Bifreiðasala ríkisins hóf starfsemi sína. Hún hafði einkaleyfi til sölu bifreiða næstu sjö árin.

**1937** Maístjarnan, kvæði Halldórs Laxness, birtist í fyrsta sinn á prenti.



†

Ástkær frænka okkar,

**Ragna K. Jóhannesdóttir**

frá Lárusarhúsi, Hellisandi,
Hringbraut 71, Reykjavík,

lést föstudaginn 28. apríl
á Landspítalanum Fossvogi.

**Vilborg Sverrisdóttir**
**Lára Sverrisdóttir Borthne** **Bryndís Lúðvíksdóttir**
**Guðmundur Ingvi Sverrisson** **Valdimar Örn Sverrisson**
**Þórður Sverrisson** **Aðalsteinn Sverrisson**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Björn Ottósson**

Hvannahlíð 8, 550 Sauðárkróki,

lést 26. apríl að heimili sínu. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju 6. maí klukkan 14.00.

**Sigríður Gísladóttir**
**Ragnhildur Sigrún Björnsd.** **Ólafur Stefánsson**
**Anna Birna Björnsdóttir** **Egill Birkir Sigurðsson**
**Davíð Þór Björnsson** **Margrét Rósa Haraldsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Elsku drengurinn minn,
bróðir okkar, mágur og stóri frændi,

**Þórir Jónsson**

varð bráðkvaddur sunnudaginn 23. apríl. Útför hans fer fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 3. maí klukkan 15.00.

**Guðrún Hugborg Marinósd.**
**Ása Gróa Jónsdóttir** **Ármann Þór Guðmundsson**
**Rósa Jónasdóttir** **Pétur Reynir Jónsson**
**og systkinabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Eygló Ósk Gústavsdóttir er ein af fjölmörgum afreksmönnum sem hafa synt undir merkjum Ægis.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sundfélagið var andsvar við málþófsfundum

**Eitt elsta sundfélag landsins, Sundfélagið Ægir, er níutíu ára gamalt í dag. Afmælisdagskrá verður í boði í Laugardalslaug til að fagna tímamótunum og eru félagsmenn og velunnarar boðnir velkomnir. Stefnt er að því að bæta met frá síðustu afmælisveislu.**

Sundfélagið Ægir var stofnað á þessum degi árið 1927 og fagnar því 90 ára afmæli í dag. Mikið verður um dýrðir og viðburði fyrir félagsmenn og velunnara í tilefni dagsins.

Stofnmeðlimir félagsins voru tólf ungir menn sem allir, að einum undanskildum, voru undir tvítugu. Þeir komu á fót sundfélagi því þeim leiddist málþófið og leiðindin á fundum annarra félaga og vildu heldur synda en að taka þátt í þrasi og þrætum. Það varð úr.

Fyrsti formaður félagsins var Eiríkur Magnússon en hann gegndi því starfi fyrstu fimmtán ár félagsins.

Fyrstu ár félagsins kepptu menn gegn hver öðrum í sjó en þremur árum síðar hófust svo innanfélagsmót í sundlaug Reykjavíkur. Var það upphaf þess að keppt var í sundi hér á landi í volgu vatni. Í grein í Vísi, sem birtist þann 30. apríl 1937, í tilefni af tíu ára afmæli félagsins var sagt að „stíll manna tapaði sér eftir kappsund í köldum sjónum“.

